

ARÐSKRÁ**Veiðifélags Reyðarvatns.**

Svæði	Einingafjöldi
Þverfell	418,00
Afréttarland Lunddælinga	275,00
Afréttarland Andkílinga	307,00
	<hr/>
	Samtals 1000

Miðað er við að arðskrá þessi taki gildi frá og með 1. janúar 1982.

Ofanskráð arðskrá hlaut samþykki allra fundarmanna á aðalfundi félagsins 2. apríl 1982, 45 atkv. með en engin á móti.

Í félaginu eru 58 atkvæðisbærir félagar.

Arðskrá þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytinu, 25. apríl 1983.

Pálmi Jónsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

SAMÞYKKT**fyrir Veiðifélag Hrútsvatns, Rangárvallasýslu.**

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Hrútsvatns. Heimili þess og varnarþing er Ása- og Djúpár-hreppar, Rangárvallasýslu

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Hrútsvatni, en þær eru Sandhólaferja, Ásmúli, Framnes, Áskot, Ás I, II, III, IV og Hellnatún I, II.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og ráðstafa veiði eftir því sem aðalfundur ákveður. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.